

Sorpurðun Vesturlands hf
Bjarnarbraut 8
310 Borgarnes

Reykjavík, 10. desember 2019
UST201901-210/S.M.
08.14.02


Seinna reglubundið eftirlit í Sorpurðun Vesturlands

Þann 4. nóvember sl. fór fram seinna reglubundið eftirlit ársins á urðunarstað Sorpurðunar Vesturlands í Fíflholtum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

Virðingarfyllst


Sigriður Magnúsdóttir


Margrét Bragadóttir

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vesturlands

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpurðun Vesturlands Fíflholt

UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	4.11.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Sorpurðun Vesturlands	Eftirlitsmaður	Margrét Bragadóttir
Heimili	Bjarnarbraut 8	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5306972829	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Hrefna B. Jónsdóttir	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Þorsteinn Eyþórsson	Staðsetning	349951,516 469714,37

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitinu. Rekstraraðili vinnur að úrbótum vegna eldri frávika er varða fokvarnir og veiðarfæraúrgang. Þá hefur rekstraraðili lagt fram úrbótaáætlun vegna hreinsunar sigvatns og magns úrgangs. Staðfestar voru úrbætur vegna frávika er varða fok úrgangsefna og ófullnægjandi þekjulags.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í seinna reglubundið eftirlit á urðunarstað Sorpurðunar Vesturlands í Fíflholtum og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Frávik og úrbótaáætlun vegna fyri eftirlita 2019
3. Önnur mál
4. Skoðunarferð um urðunarstaðinn

Það sem af er ári hafa 15.000 tonn af úrgangi verið urðuð í Fíflholtum, auk 2000 tonna af yfirlagsefni. Heimilt er að urða 15.000 tonn á ári í Fíflholtum og því líklegt að urðun árið 2019 verði umfram heimildir.

Farið var yfir úrbætur frávika úr fyrirvaralausu eftirliti sem fram fór þann 23. maí sl. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila þá er vinna við fokgjörðingar við urðunarreinina í Fíflholtum langt komin. Þá hefur verklagi verið breytt þannig að nú er lokað fyrir móttöku úrgangs við 18 m/s í stað 20 m/s í óhagstæðum vindáttum. Verklagi í urðunarreininni hefur einnig verið breytt og er vinnsluflöturinn nú láttinn halla inn að haugstálinu og hefur það gefið góða raun. Einnig er unnið jöfnum höndum að því að tína þann úrgang sem fýkur innan urðunarstaðarins og áætlunir eru um tínslu úrgangsefna utan urðunarstaðarins ef þarf.

Einnig voru rædd frávik sem fram komu í fyrra reglubundna eftirliti ársins. Rekstraraðili hefur lagt fram úrbótaáætlun og hyggst sækja um breytingar á starfsleyfi vegna magns úrgangs og ófullnægjandi hreinsunar á sigvatni. Rætt var um hreinsun sigvatns í Fíflholtum, virkni hreinsivirkis og þær framkvæmdir og breytingar sem rekstraraðili hyggst ráðast í með breytingu á starfsleyfi. Fram kom að rekstraraðili vill að myrin neðan urðunarstaðarins, innan athafnasvæðisins, verði skilgreindur sem viðtaki í stað frárennslisskurðar sem nú er skilgreindur viðtaki.

Rætt var um úrbætur vegna eldri frávika er varða veiðarfæraúrgang og vatn á yfirfalli. Fram kom að náðst hefði samkomulag um að koma veiðarfæraúrganginum í réttan farveg og vinna væri hafin við að flokka hann svo hægt væri að koma í viðeigandi endurvinnslu. Frávik vegna vatns á yfirfalli stendur enn opið þar sem skráningar sýna að vatn rennur á yfirfalli 15% af tímanum en vatn má að hámarki renna á yfirfalli 5% af tímanum, sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveit og skólp.

Að fundi loknum var haldið í Fíflholt og urðunarstaðurinn skoðaður. Enn er unnið að fokvörnum með byggingu fokvarnargjörðingar og nokkuð hefur unnist við tínslu úrgangsefna innan urðunarstaðarins. Staðfest var að vinna er hafin við flokkun veiðarfæraúrgangs. Ekki var tilefni til athugasemda að þessu sinni.

ANNAÐ

Einnig var viðstaddir eftirlitið fyrir hönd Sorpurðunar Vesturlands Stefán Gíslason.

Reykjavík, 10.12.2019

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.